

Búnaðarsamtök Vesturlands



Aðalfundur 2011

Aðalfundargerð

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 2011
Breiðabliki 30. mars

Dagskrá

Kl. 11.00

1. Fundur settur, skipan starfsmanna.
2. Skýrsla formanns, Guðnýjar H. Jakobsdóttur.
3. Erindi - **Elías Blöndal** lögfræðingur BÍ
4. Ávarp gesta.
5. Afgreiðsla kjörbréfanefndar.

Matarhlé

6. Ársreikningur lagður fram.
7. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsmanna og um reikninga.
8. Afgreiðsla reikninga.
9. Tillögur lagðar fram.
10. Nefndarstörf.
11. Afgreiðsla mála.
12. Kosning stjórnar og varastjórnar.
13. Kosning skoðunarmanna og endurskoðanda
14. Önnur mál
15. Fundarslit

1. Fundarsetning

Miðvikudaginn 30. mars 2011 var aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi. Fundinn setti formaður BV, Guðný H. Jakobsdóttir og bauð hún fundarmenn velkomna. Guðný gerði að tillögu sinni að Kristján Þórðarson yrði fundarstjóri og Kristján Magnússon annar fundarstjóri. Var sú tillaga samþykkt og bað formaður fundarstjóra að taka við stjórn fundarins. Kristján Þórðarson tók við stjórn fundarins og lagði til að ritarar yrðu Helga Halldórsdóttir, Lárus Birgisson og Torfi Bergsson.

Fundarstjóri skipaði í kjörbréfanefnd þá Kristján Axelsson, Rúnar Jónasson og Gest Úlfarsson.

2. Skýrsla formanns

Formaður flutti skýrslu um starf stjórnar á sl. ári:

Starfsemi Búnaðarsamtaka Vesturlands var með hefðbundnu sniði á liðnu ári. Stjórnarfundir voru 7 talsins og þar af einn símafundur. Ég sótti hina ýmsu fundi um landbúnaðarmál, má þar nefna, fund um ESB og framtíð íslensks landbúnaðar haldinn á Lyngbrekku af Búnaðarfélagi Mýramanna. Einnig fund þar sem norskur sérfræðingur Christian Anton Smedshaug flutti erindi um fólksfjölgun og stöðu matvælaframleiðslu í heiminum. Á þeim fundi varpaði hann fram þeirri spurningu hvernig þjóðir heims ætla að fara að því að brauðfæða heiminn allan. Þá sótti ég einnig hefðbundna fundi svo sem formannafund búnaðarsambandanna sem haldinn var í Eyjafirði og svo formannafund BV, báðir haldnir í desember síðastliðnum. Fundur með búnaðarþingsfulltrúum og stjórnarmönnum BV, BSK og BSV vegna undirbúnings mála til Búnaðarþings var haldinn nú í janúar

Búnaðarsamtök Vesturlands urðu 25 ára þann 23. júní 2010. Í tilefni þess stóðu BV fyrir málþingi þann 4. nóvember 2010. Málþingið bar yfirskriftina Landbúnaður á Vesturlandi - Horft um öxl og fram á veginn. Málþingið var opið öllum áhugasömum og voru bændur hvattir sérstaklega til að mæta. Um 50 manns mættu á málþingið og áttu með okkur skemmtilegan dag. Að málþingi loknu buðu BV upp á kaffiveitingar í matsal LbHÍ og opið hús var í skrifstofuhúsnæði BV að Hvanneyrargötu 3 þar sem málstofugestir gátu litið við. Í tilefni þessara tímamóta voru veittar viðurkenningar til þeirra aðila sem voru í forsvari fyrir búnaðarsamböndin á þessum tímamótum og þeim framkvæmdastjórum sem komu að sameiningunni. Það var með þeirra framsýni og áræðni sem grunnur var lagður að þeirri leiðbeiningaþjónustu sem bændur á Vesturlandi njóta í dag. Þeir sem viðurkenningar hlutu voru Guðbjartur Gunnarsson, Sigurður Þórólfsson, Bjarni Guðráðsson Guðmundur Sigurðsson og Bjarni Arason. Sérstaklega var ánægjulegt að getað þakkað Bjarna Arasyni fyrir hans störf fyrir hönd vestlenskra bænda en hann lést fyrir á þessu ári eftir stutta sjúkdómslegu. Í skýrslu framkvæmdastjóra má lesa nánar um viðurkenningarnar.

Þrátt fyrir að starfsemi ársins væri að mestu leyti hefðbundin þá buðu BV síðasta vor upp á námskeiðið Hollur er heimafenginn baggi, námskeið í matjurtaræktun. Þetta námskeið tókst mjög vel, ágætis þátttaka var, þó að einhver munur væri á uppskeru. Einnig tók BV þátt í Vaxtarsprotaverkefni Impru og Framleiðnisjóðs, sem haldið var í Borgarnesi og á Snæfellsnesi. Markmið þess er að hvetja til fjölbreyttrar atvinnusköpunar í sveitum landsins. Verkefnið er opið öllum íbúum í sveit, óháð eðli viðskiptahugmynda, atvinnugreinum, eða reynslu þátttakenda á sviði atvinnurekstrar. Þetta er ákaflega gott og metnaðarfullt námskeið og ljóst að það er verðugt verkefni að láta það lifa, þrátt fyrir þrengingar í fjárframlögum til svona verkefna. Mörg og mismunandi verkefni litu dagsins ljós og verður spennandi að fylgjast með þróun þeirra. Ég tók sjálf þátt í matjurtaverkefninu og vaxtarsprotunum og var mjög ánægð með bæði verkefnin. Þau opnuðu nýja heima, annars vegar heim matjurtu og þess hvað er gaman að rækta og borða sitt eigið grænmeti, svo ekki sé nú talað um það að gefa það. Vaxtarsprotarnir hins vegar aðstoðuðu við að taka hugmynd sem búin er að veltast lengi í kollinum og færa hana yfir að framkvæmdastiginu.

Ekki er hægt að láta hjá líða að nefna nýafstaðið Búnaðarþing og afgreiðslu nokkurra mála þar. Óhætt er að segja að mikill samhljómur var meðal búnaðarþingsfulltrúa um flest öll mál sem fyrir þinginu lágu. Búnaðargjaldið hefur verið til mikillar umræðu undanfarin ár, nefnd var skipuð eftir Búnaðarþing 2010 sem hafði það hlutverk að skoða leiðir til að lækka búnaðargjaldið og fjármagna

félagskerfið með öðrum hætti. Með dómi Mannréttindadómstóls Evrópu um iðnaðarmálagjaldið varð meginviðfangsefni nefndarinnar að leita leiða til að styrkja stoðir innheimtu búnaðargjaldsins. Niðurstaða Búnaðarþings 2011 var að ekki væri ráðlegt að svo komnu máli að leggja til lækkun á gjaldinu en BÍ hins vegar falið að ljúka vinnu við að skilgreina til hvaða verkefna búnaðargjaldi skuli varið. Mikil og greinargóð ályktun um aðild Íslands að ESB var samþykkt samhljóma á lokadegi Búnaðarþings. Hvet ég ykkur öll til að kynna ykkur hana vel, því að í henni eru lagðar skýrar línur um hvernig Bændasamtökin ætla að standa vörð um hagsmuni íslensks landbúnaðar. Að lokum get ég ekki annað en minnst á eitt mál sem við hjá BV höfum barist fyrir nú um nokkurn tíma en það olli örliðum skjálfta hjá ákveðnum hluta búnaðarþingsfulltrúa og það snérist um jöfnun kostnaðar vegna kúasæðinga. Á síðasta ári var unnin skýrsla um jöfnun sæðingakostnaðar og í þeirri skýrslu kom fram umtalsverður munur á kostnaði bænda eftir svæðum og því ályktaði Búnaðarþing nú að fjármunum úr búnaðarlagasamningi sem ætlaðir eru til kynbótastarfs í nautgriparækt verði skipt með það að leiðarljósi að jafna kostnað við kúasæðingar yfir landið. Sem dæmi um mun milli svæða þá er akstur per. sæðingu hjá okkur 39 km en meðaltal landsins er 28 km. Þetta er því mikið hagsmunamál fyrir okkar bændur að kostnaði vegna kúasæðinga sé jafnað.

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahaldi BV nú í lok ársins 2010. Óðinn Sigþórsson hætti störfum hjá okkur þar sem að samningur okkar við sveitarfélögin vegna þjóðlendumála var útrunninn og hnitsetningarverkefnið einfaldlega ekki nógu mörg til að hægt sé að halda starfsmanni fyrir það. Vil ég þakka honum kærlega fyrir vel unnin störf og óska honum velfarnaðar. Einnig varð sú breyting að Jenny Johansen minnkaði við sig starf við Bókhaldsþjónustuna og í rekstrarráðgjöf og verður nú verktaki hjá okkur á álagstímum í bókhaldsuppgjöri. Lena Reiher er nú í 80% starfi hjá okkur, Sigurður Jarlsson hefur minnkað starfshlutfall sitt og Guðlaugur Antonsson mun hætta störfum hjá okkur 1. apríl en hann er í 10% starfi við hrossaræktina.

Rekstur Búnaðarsamtakanna var erfiður á síðasta ári, tap af rekstrinum er rúmar 6 milljónir króna. Þar vegur langþvingst lækkun á búnaðargjaldi um 3,5 milljónir. Í fjárhagsáætlunum hvers árs er gert ráð fyrir ákveðnu búnaðargjaldi. Nú gerðist það sem ekki hefur gerst áður að búnaðargjaldið lækkaði á milli ára og skýringin á því virðist ekki liggja á lausu. Og það verður að segjast eins og er að það munar verulega um það að fá ekki inn í reksturinn þvílíka upphæð. Launakostnaður var meiri en ráð var fyrir gert en töluvert var um fjarvistir starfsfólks vegna óhappa við vinnu sem skýrir þessa aukningu að einhverju leyti. Að lokum voru bifreiðaviðgerðir töluverðar á síðasta ári eða um milljón kr. meiri en árið áður sem segir okkur kannski það að bílakostur okkar er að verða full gamall.

En við þessu þarf að bregðast, við höfum nú þegar hækkað gjaldskrá okkar, það er ljóst að launakostnaður lækkar talsvert á þessu ári en á móti kemur að það eru töluverðar skerðingar á fjárframlögum úr Búnaðarlagasamningi. Á síðasta ári tókst að semja við Ríkið til 2 ára um nýjan búnaðarlagasamning en sú skerðing sem við fáum er um 26% frá fyrra ári þannig að verulega þrengir að í rekstrinum nú í ár og á næsta ári. En hvað tekur svo við að 2 árum liðnum veit enginn og þar með stöndum við frammi fyrir stóru spurningunni: Hvernig ætlum við að lifa af í breyttum heimi og hvernig ætlum við að verja og styrkja okkar búnaðarsamtök??

Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri BÍ sagði á Búnaðarþingi nú í byrjun mars mánaðar að við værum í raun á tveggja ára skilorði. Við vitum hvað við höfum í tvö ár en ekki hvað við fáum að þeim tíma liðnum. Þannig að núna höfum við tækifæri til að taka til, að móta stefnuna, ákveða hvernig við viljum hafa okkar félagsskap, hvert við viljum fara með samtökin okkar og hvernig við ætlum að reka þau.

Stjórnin leggur hér fram í dag tillögu um gagngera endurskoðun samþykkt okkar þar sem einfaldlega allt verður undir, svæðisskiptingin, fulltrúafjöldi, félagsaðildin, búnaðarfélög eða bein aðild, aðalfundurinn, aðalfundarstaður og svo framvegis. Við leggjum það til að skipuð verði millifundanefnd, sem fái það veigamikla hlutverk að skoða alla hluti með opnum huga. Leiðbeiningarþjónustan okkar hangir á sömu spýtu og félagskerfið og við þurfum að gera það upp við okkur hvernig við sjáum henni best fyrir komið í framtíðinni. Er það með fækkun og stækkun stöðva, stórauknu samstarfi milli héraða, aukinni sérhæfingu sem þýðir að bændur hvaðanæva á landinu geti sótt þekkingu og ráðleggingar til ákv. ráðunauta, óháð staðsetningu? Eigum við hjá BV að halda áfram að bjóða öðrum búnaðarsamböndum til samstarfs við okkur eins og Vestfirðingar og

Kjalnesingar eru í dag? En til þess að þetta takist þá verðum við að fá að heyra hvað þið, aðalfundarfulltrúar, hafið um málið að segja. Fyrir ári síðan hvatti ég ykkur til að velta þessum málum fyrir ykkur því að það væri alveg ljóst að þetta yrði meginverkefni okkar á komandi misserum og nú er þessi tími einfaldlega runninn upp.

Starfsfólki Búnaðarsamtaka Vesturlands eru hér færðar þakkir fyrir þeirra störf, sem unnin eru af trúmennsku og áhuga. Bændum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Kjalarnesi eru færðar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. Samstarfsfólki mínu í stjórn BV þakka ég góða samvinnu. Að lokum er framkvæmdastjóra, Sigríði Jóhannsdóttur, færðar sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

3. **Erindi. Elías Blöndal** lögfræðingur BÍ flutti erindi um búnaðargjald. Glærur frá erindi hans fylgja hér með í fylgiskjali.

Hann fór yfir dóma sem fallið hafa í málum um iðnaðarmálagjald sem hefur samsvörun við búnaðargjald og þann feril sem umfjöllun um þau mál hafa verið í. Fór hann lauslega yfir dóm mannréttindadómstóls 2010 vegna iðnaðarmálagjalds í máli Varðar Ólafssonar gegn íslenska ríkinu. Á Búnaðarþingi 2010 var skipuð nefnd á vegum BÍ og hlutverk hennar var að leita leiða til að lækka búnaðargjald og skoða leiðir til að fjármagna með öðrum hætti félagskerfi bændu. En vegna niðurstöðu dóms mannréttindadómstólsins breytti nefndin hlutverki sínu og leitaði leiða til að styrkja lagagrundvöll búnaðargjalds. Spurning er nú uppi hvort búnaðargjald er löglegt. Menn telja svo vera. Mælt er fyrir um greiðsluskyldu í lögum – fyrir gjaldtöku er því lagaheimild. Bent er á að markmið gjaldtöku þurfi að vera réttmætt. Er þetta nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi? Leggja þarf áherslu á eftirlit og því hvernig búnaðargjaldi er ráðstafað, þessu þarf að skerpa á. Skortur var á gagnsæjum reglum um nýtingu gjaldsins gagnvart þeim sem ekki eru aðilar í samtökunum. Vinna er í gangi í Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytinu en ekki er vitað hvað kemur út úr henni. Markmiðið er að gjaldtakan verði lögmæt skv. mannréttindadómstólum.

4. **Ávarp gesta.**

Haraldur Benediktsson formaður BÍ flutti kveðju BÍ á aðalfundinn. Haraldur fjallaði um Búnaðarþing sem er nýafstaðið. Ræddi hann um matvælaframleiðslu í heiminum og hvaða möguleika landbúnaðurinn hefur með vísan í ræðu formanns BV. Haraldur gerði að umtalsefni Búnaðarlagasamning sem hann kallaði nauðungarsamning en samningurinn var gerður til tveggja ára. Starfsemi framleiðnisjóðs var eitt af þeim verkefnum sem skorið var niður hvað varðar fjárframlög. Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðherra hefur skipað starfshóp til að finna starfsgrundvöll fyrir Framleiðnisjóð. Haraldur ræddi fjármál og framlög til búnaðarsambanda. Hjá BÍ er uppsafnaður liður með fjármunum, sótt verður um heimild til Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytis til að nota það fé til búrekstrarverkefna og verður því skipt milli búnaðarsambanda. Gætu orðið allt að 4 milljónir til BV ef ráðuneytið samþykkir þessa skiptingu.

Haraldur fjallaði um skýrslu Ríkisendurskoðunar um útvistun verkefna og þá umfjöllun sem verið hefur undanfarið um þessa skýrslu. Sett er út á það að stjórnisýsluverkefnum væri komið fyrir hjá BÍ. Sagði Haraldur það einfaldlega vera vegna þess að Alþingi hefur sett lög þess efnis að BÍ sinni þessum verkefnum. Mörg verkefni erfði BÍ frá Búnaðarfélagi Íslands. Mest fannst honum sviða undan því að Ríkisendurskoðun varð „slefberi“ þar sem klína átti á BÍ að þeir væru vísvitandi að halda upplýsingum frá ráðamönnum vegna andstöðu BÍ við aðild að ESB. Benti hann á yfirlýsingu frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um málið frá því í vikunni þar sem sagt var að fullyrðing Ríkisendurskoðunar væri ekki á rökum reist.

Haraldur fór því næst yfir Evrópusambandsumræðuna. Hann fór ýtarlega yfir þingskjal frá Búnaðarþingi 2011, þingskjal. 21-313. Er þar fjallað um afstöðu BÍ gagnvart aðild Íslands að ESB. eru þar tilgreindar 7 varnarlínur og las Haraldur þær upp ásamt meginatriðum.

1. Áfram verði byggt á 13. grein EES-samningsins um rétt Íslands til verndar heilsu manna og dýra.

Meginatriði: Komi til aðildar verði innflutningsheimildir óbreyttar frá því sem þær verða þegar að lög nr. 143/2009 um innleiðingu á matvælalöggjöf ESB hafa öðlast gildi að fullu. Jafnframt verði heimilt að halda takmörkunum á plöntuinnflutningi óbreyttum. Íslenskum stjórnvöldum verði enn fremur heimilt að grípa til sérstakra aðgerða til að vernda og verja innlendu búfjáarkynin. Varanleg ákvæði þessa efnis verði hluti af aðildarsamningi.

2. Ísland og íslensk stjórnvöld hafi fullt frelsi frá reglum og stefnu ESB til að ríkisstyrkja landbúnað og innlendan úrvinnsluþætti.

Meginatriði: Komi til aðildar verði fullt tillit tekið til sérstöðu landsins í aðildarsamningi, án tillits til fyrri fordæma. Svigrúm verði til þess að tryggja stöðu byggða sem byggja á landbúnaði og úrvinnslu afurða hans þannig að hún verði ekki verri en fyrir aðild. Þannig er lágmarkskrafa að ríkisstyrkir verði a.m.k. með sama hætti og fyrir aðild. Nægilegt og skýrt svigrúm verði til að styðja við framleiðslu skilgreindra sóknarapurða sem hafa skírskotun til íslenskra framleiðsluáðstæðna. Svigrúm verði fyrir sérstakar aðgerðir til að verja íslenska búvöruframleiðslu vegna smæðar innlenda markaðarins.

3. Áfram verði heimilt að leggja tolla á búvöru frá löndum ESB.

Meginatriði: Komi til aðildar hafi íslensk stjórnvöld áfram heimild til að leggja tolla á búvöru frá ESB löndum allt að því sem heimildir til að leggja á tolla samkvæmt skuldbindingum okkar innan WTO gefa svigrúm til. Verði breytingar á reglum WTO þannig að heimildir til álagningar tolla verði skertar þarf að bæta það með öðrum hætti. Hagsmuna íslensks landbúnaðar verði gætt í hvívetna vegna smæðar markaðarins og fjarlægðar frá hinum eiginlega innri markaði ESB.

4. Félagsleg staða og afkoma bænda verði tryggð.

Meginatriði: Komi til aðildar verði tryggt að bændum verði bætt tjón vegna fjárfestinga sem ljóst er að verði verðlitlar eða verðlausar við aðild. Samtökum bænda verði jafnframt tryggð sambærileg staða og nú. Þetta þýðir að heimila verður og tryggja innlenda ríkisstyrki nægilega til þess að ná þessum markmiðum.

5. Svæðaskipting landsins með tilliti til landbúnaðar kemur ekki til álita. Sérstakt tillit verður að taka til veðuraðstæðna og ríkra krafna til aðbúnaðar búfjár og vinnuverndar.

Meginatriði: Komi til aðildar verði sömu heimildir til að styðja við landbúnað óháð því hvar á landinu starfsemin er. Lágmarkskrafan er að landið verði skilgreint sem eitt svæði með tilliti til ríkisstyrkja og styrkja úr Evrópska tryggingarsjóðnum fyrir landbúnað Á ensku: European Agricultural Guarantee Fund (skammstafað EAGF), sem fjármagnar markaðsskipulagið og Evrópska landbúnaðarsjóðnum til þróunar landbúnaðarhéraða European Agricultural Fund for Rural Development (skammstafað EAFRD) og að hér verði um að ræða varanlegt ákvæði í aðildarsamningi.

6. Réttur til sjálfbærrar nýtingar hlunninda og eðlilegra varna gegn rándýrum og meindýrum.

Meginatriði: Komi til aðildar verði ekki settar skorður á hefðbundna hlunnindanýtingu eða aðgerðir gegn meindýrum, hvort sem þau eru flokkuð sem meindýr innan ESB eða ekki. Lágmarkskrafa er að varanleg ákvæði vegna þessa verði hluti af aðildarsamningi.

7. Samningurinn raski ekki eignaréttarlegri stöðu bænda og landeigenda. Tryggt verði að erlent fjármagn, ótengt landbúnaði raski ekki aðstöðu til framleiðslu landbúnaðarafurða.

Meginatriði: Komi til aðildar hafi stjórnvöld fullt svigrúm til að skilgreina ákveðin landsvæði sem landbúnaðarland sem ekki megi taka til annarra nota. Varanlegt ákvæði í aðildarsamningi verði sett til að tryggja þetta.

Að öðru leyti vísast í slóð á heimasíðu BÍ <http://www.bondi.is/Pages/2118>

Haraldur hvatti menn til að ræða þessi mál hvar sem þeir kæmu, m.a. í fermingarveislum og jarðarförum og láta í sér heyra.

Hildur Traustadóttir tók til máls. Hildur er framkvæmdastjóri fyrir Félag eggja- og kjúklingaframleiðenda og er stjórnarformaður í Bjargráðasjóði. Ræddi Hildur málefni Bjargráðasjóðs og málefni sem tengjast náttúruhamförum og tryggingarmálum bænda. Sveitarfélög hættu aðild að Bjargráðasjóði 2009. Sjóðurinn er hýstur hjá BÍ og búið að gera samstarfssamning þar um. Árni Snæbjörnsson er framkvæmdastjóri í hálfu starfi. Ræddi hún um samstarf búnaðarsambanda og sjóðsins en sjóðurinn tekur á tjóni sem ekki er hægt að tryggja bændur fyrir hjá öðrum tryggingarfélögum. Hildur sá framá að framlög lækkuðu í Bjargráðasjóð og þar með yrði minna til skiptana. Bjargráðasjóður er sérstakur að því leyti að þar fá menn tryggingu gagnvart sjúkdómum í búfé. Hildur taldi að með skertu fjárframlagi til búnaðarsambanda myndi draga úr þjónustu almennt. Því yrðu menn að ákveða hverju þeir vildu halda. Hvatti hún að lokum bændur til að sofna ekki á verðinum.

5. Afgreiðsla kjörbréfanefndar

Kristján Axelsson gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar.

Frá Búnaðarfélagi Hvalfjarðar:

Daníel Ottesen
Hannes Magnússon
Haraldur Benediktsson
Friðjón Guðmundsson

Frá Búnaðarfélagi Skorradals:

Lárus Pétursson

Frá Búnaðarfélagi Andakílshrepps:

Unnsteinn Snorri Snorrason
Gro Jórunn Hansen
Sveinn Hallgrímsson

Frá Búnaðarfélagi Lundarreykjadals:

Óskar Halldórsson
Guðni Eðvarðsson
Guðmundur Sigurðsson

Frá Búnaðarfélagi Reykdæla:

Magnús Eggertsson
Birna Hauksdóttir

Frá Búnaðarfélagi Hálsasveitar:

Enginn fulltrúi mættur

Frá Búnaðarfélagi Pverárþings:

Grétar Reynisson
Einar Örnólfsson
Kristján Axelsson
Þórhildur Þorsteinsdóttir
Pétur Diðriksson

Frá Búnaðarfélagi Mýramanna:

Sigurjón Helgason
Gísli Friðjónsson
Gísli Guðjónsson
Sigfús Helgi Guðjónsson
Þorkell Fjeldsted

Frá Búnaðarfélagi Kolbeinsstaðahrepps:

Kristján Magnússon
Gestur Úlfarsson
Albert Guðmundsson
Lárus Gestsson

Frá Búnaðarfélagi Eyja- og Miklaholtshrepps:

Þróstur Aðalbjarnarson
Gunnar Guðbjartsson
Eggert Kjartansson

Frá Búnaðarfélagi Staðarsveitar:

Guðný H. Jakobsdóttir
Svavar Þórðarson
Sigurjón Grétarsson
Hjörtur Sigurðsson
Kristján Þórðarson

Frá Búnaðarfélagi Eyrarsveitar:

Arnór Kristjánsson
Guðrún Lilja Arnórsdóttir
Hallur Pálsson
Anna Dóra Markúsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Helgafellssveitar:

Enginn fulltrúi mættur

Frá Búnaðarfélagi Hörðudals:

Ásgeir S. Jónsson

Frá Búnaðarfélagi Miðdala:

Guðmundur Pálmason
Snæbjörg Bjartmars
Guðbrandur Þorkelsson
Valberg Sigfússon

Frá Búnaðarfélagi Hvammsfjarðar:

Rúnar Jónasson
Hermann Karlsson
Anna B. Halldórsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Laxárdals:

Magnús Kristjánsson
Böðvar Magnússon

Frá Búnaðarfélagi Saurbæjar:

Arnar Eysteinnsson

Samkvæmt kjörbréfum eru 50 fulltrúar réttkjörnir á fundinn en 55 eiga seturétt. Ekki komu fram athugasemdir við þessa fulltrúa og teljast þeir réttkjörnir.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn BV, Helga Halldórsdóttir, Torfi Bergsson, Lárus Birgisson, Friðrik Jónsson og Sigríður Jóhannesdóttir.

Hörður Hjartarson sat fundinn sem búnaðarþingsfulltrúi.

Aðrir gestir: Hildur Traustadóttir formaður félags Eggja- og kjúklingaframleiðenda, Haraldur Benediktsson formaður BÍ sem einnig var fulltrúi síns búnaðarfélags, Eiríkur Blöndal framkvæmdastjóri BÍ, Elías Blöndal lögfræðingur BÍ. Samtals 59 fulltrúar og gestir.

Matarhlé

6. Ársreikningur lagður fram

Sigríður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri, kynnti niðurstöðu reksturs ársins 2010. Þar var rekstur ársins borinn saman við þá fjárhagsáætlun sem samþykkt var á síðasta aðalfundi. Sigríður skýrði frá því í hverju helstu frávikin lágu. Í starfsskýrslu framkvæmdastjóra sem fylgdi fundargögnum má sjá þann samanburð.

Þá fór Sigríður yfir framlagðan ársreikning og eru helstu niðurstöðutölur úr rekstrar- og efnahagsreikningum eftirfarandi:

Rekstrartekjur alls kr.: 130.196.502,-

Rekstrargjöld alls kr.: 138.069.738,-

Tap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er kr.: 7.873.236,-

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru jákvæð um kr.: 1.667.401,-

Hagnaður dótturfélags BBV ehf. kr. 42.670,-

Tap ársins er kr.: 6.163.165,-

Eignir samtals eru kr.: 54.141.501,-

Eigið fé er alls kr.: 16.826.955,-

Skuldir samtals kr.: 37.314.546,-

Skuldir og eigið fé samtals kr.: 54.141.501,-

6. Umræður um skýrslu stjórnar, starfsmanna og um reikninga. Undir þessum lið hvatti fundarstjóri til almennra umræðna.

Hallur Pálsson skoðunarmaður reikninga BV tók til máls og fór yfir vinnu skoðunarmanna og álit þeirra á reikningnum og sagðist telja reikningana rétta.

Torfi Bergsson spurði framkvæmdastjóra BÍ út í ástæðu þess að tekjur í búnaðarmálasjóð hefðu lækkað milli ára.

Porkell Fjeldsted þakkaði fyrir skýrslur og reikninga. Hann vísaði í það að Bændablaðið er mjög mikið lesið og vakti athygli á grein í nýlegu blaði þar sem fram kemur að skilgreina skal hvert býli sem fóðurframleiðslufyrirtæki. Byrjað verður í Árnessýslu þar sem farið verður á

bæina og heyin skoðuð og hvar þau eru geymd. Rukka á hvern bónda um 7500 kr. fyrir hverja skoðun. Þorkell spurði Harald að því hvernig ætti að útfæra þetta. Þá kom Þorkell inná umræðu í DV og frétt sem bar yfirskriftina: Sauðfjárnætur í gildru fátæktar. Þorkell lét blaðið ganga, og sagði fréttir í því ýktar stundum en þetta væri ekki góð umfjöllun fyrir bændur. Í sama blaði á fremstu síðu er sagt að betra sé fyrir sauðfjárnætur að vera á bótum. Hann taldi það þegnskylduvinnu að framleiða búvöru. Bóndinn fengi bara visst fyrir kílóíð af kjöti en sláturhúsin selja allt sem þangað kemur inn. Hann velti upp spurningunni hvað fáist fyrir innmat og fleira sem fer í útflutning í neytendaumbúðum. Þá kom Þorkell inná umræðuna um ábúðaskyldu á bújörðum. Hvernig er þetta hugsað? Á að skikka menn til að búa á jörðum? Þá kom hann inná ESB umræðuna. Finnst vanta að bændur geti gert sér betur grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur ef gengið er þar inn. Hverjar verða afleiðingarnar t.d. fyrir bónda með 500 fjár. Taldi að skýra þyrfti ýmislegt betur út fyrir bændum. Aðal vaxtabroddur í atvinnumálum í Borgarfirði er mjólkursamlag. Átti að taka til starfa fyrir áramót en er ekki komið í gang. Talið að þar muni skapast 10-20 störf en Þorkeli fannst ótrúlega lítið fjallað um þetta verkefni.

Pétur Diðriksson tók til máls og þakkaði formanni fyrir skýrslu stjórnar. Hann kom inná umræðu um búnaðargjald. Dómur vegna iðnaðarmálgjalds sem féll ákveðin jákvæðni. Það þarf að ákveða hvað á að nota þetta gjald í. Til að hægt sé að reka sameiginlegan vettvang fyrir bændur er ekki hægt að komast hjá því að innheimta búnaðargjald. Að öðru leyti muni stór hluti vinnu verða fyrir borð borin. Búnaðargjald algerlega nauðsynlegt en skilgreina þarf mjög vel í hvað á nota búnaðargjaldið. Mun ekki standa að því sem fulltrúi bænda að búnaðargjald falli niður. Bændur hafa mjög misjafnar aðstæður til greiðslu gjalda. Þessum peningum sem varið er til t.d. til félagsstarfsins sé vel varið.

Pétur ræddi um fjárhag BV og starfsemi. Sagðist telja að við stöndum á tímamótum og ekki undan því vikist að gera stóra rassú í því máli. Komumst ekki hjá því að velja við hverjum einasta steini í þessu félagsstarfi og því hvernig við viljum nýta peningana best. Pétur var á aðalfundi LK um helgina. Þar var kynnt stefnumörkun í nautgripærækt 2011 til 2020 sem hefur verið unnið að sl. ár. Pétur fór yfir atriði um ráðgjöf úr stefnumörkunarvinnunni sem lögð var fyrir aðalfund LK. Sjá fundargerð aðalfundar LK á netinu

<http://www.naut.is/fundargerdir/adalfundir/> Pétur taldi að í framtíðinni myndi eftirspurnin ráða því hvað verður í boði í ráðgjöf til bænda. Það gæti farið svo að stærri og stærri hluti af ráðgjöf til kúabænda verði rekinn af afurðastöðvum í mólkuriðnaði. Þá erum við komin með allt aðra ásýnd á ráðgjafþjónustuna. Hvað verður þá um þann hluta ráðgjafþjónustunnar sem tilheyrir ekki mjólkurframleiðslunni?

Snæbjörg Bjartmars. Hún ræddi vanfóðrun og illa meðferð á búfé. Sér virtist koma ansi mörg mál upp en þau lognist út af án þess að nokkuð sé að gert. Dýraverndunarlög ekki nóg ef ekki er farið eftir þeim. Telur þetta ljótan blett á bændastéttinni. Datt í hug að hægt væri að koma með tillögu frá þessum fundi.

Eiríkur Blöndal. Svaraði spurningu sem Torfi beindi til hans um búnaðargjald. Reynt verður að grennslast fyrir um hvernig á þessu stendur. Mjög litla innsýn er hægt að fá inni það hvernig búnaðargjaldið skilar sér. Stjórnsýslan segir: Við skilum ykkur búnaðargjaldi eftir því hvernig það innheimtist. Í árslok 2009 kom inn upphæð óvænt, það gerðist ekki 2010. Sagðist hann vonast til að þetta skili sér smátt og smátt. Ekki til betri gögn til að áætla búnaðargjald. Eiríkur svaraði Þorkeli um fóðurfyrirtækin. Á fundi sem haldinn var 2008 var kynnt það sem kallað var matvælafrumvarpið. Ýmislegt kom fram á þeim fundi s.s. um fóðurframleiðanda og fóðurfyrirtæki. Kynnt þá að þetta væri varla mikið mál. Nú er samt sem áður komið í ljós að taka á gjald fyrir þetta en Eiríkur taldi að ein skoðun muni gilda einhvern tíma. Eiríkur sagðist deila áhyggjum Þorkels. Fóðurframleiðandi þarf að uppfylla ótrúlega margar skyldur. Sagði Eiríkur litla dæmisögu af ferð sinni til Brussel og það regluverk sem hann upplifði þar.

Haraldur Benediktsson svaraði Þorkeli vegna kynningarefnis fyrir aðild að ESB. Sagði hann að ítrekað væri búið að dreifa því efni sem Þorkell var að kalla eftir. Ráðlagði Haraldur honum að hætta að lesa DV og lesa Bændablaðið sem margoft hefði fjallað um þessi mál. Benti á ýmsa bæklinga og innlegg sem fjalla um áhrif ESB á landbúnað. Bændasamtökin myndu ekki halda því frá bændum ef það væri hagstætt fyrir þá að ganga í ESB. Varðandi sláturleyfishafa sagðist Haraldur ekki vera besti aðilinn til að skýra það. Vonaði að möguleiki yrði á að hækka verð dilkakjöts næsta haust. Tók að lokum undir með Pétri að vera með opinn huga varðandi breytingar á ráðgjafajónustu.

8. Afgreiðsla reikninga

Reikningar voru samþykktir samhljóða.

9. Tillögur lagðar fram

Lagðar voru fram tillögur og skipað í nefndir.

10. Nefndastörf

Búfjárræktarnefnd:

Formaður: Einar Örnólfsson

Gestur Úlfarsson

Gísli Guðjónsson

Guðmundur Pálmason

Gunnar Guðbjartsson

Hjörtur Sigurðsson

Óskar Halldórsson

Rúnar Jónasson

Sigfús Helgi Guðjónsson

Sveinn Hallgrímsson

Þórhildur Þorsteinsdóttir

Allsherjarnefnd:

Formaður: Pétur Diðriksson

Albert Guðmundsson

Arnar Eysteinnsson

Friðjón Guðmundsson

Guðrún Lilja Arnórsdóttir

Ásgeir S. Jónsson

Kristján Magnússon

Unnsteinn Snorri Snorrason

Valberg Sigfússon

Fjárhagsnefnd:

Formaður: Svavar Þórðarson

Anna B. Halldórsdóttir

Eggert Kjartansson

Guðni Eðvarðsson

Hallur Pálsson

Böðvar Magnússon

Félagsmálanefnd:

Formaður: Birna Hauksdóttir

Arnór Kristjánsson
Gro Jórunn Hansen
Daníel Ottesen
Gísli Guðjónsson
Guðbrandur Þorkelsson
Kristján Axelsson
Sigurjón Grétarsson
Snæbjörg Bjartmars
Þorkell Fjeldsted

Jarðræktar- og umhverfisnefnd:

Formaður: Hannes Magnússon

Anna Dóra Markúsdóttir
Gísli Friðjónsson
Grétar Reynisson
Guðmundur Sigurðsson
Hermann Karlsson
Lárus Gestsson
Lárus Pétursson
Magnús Kristjánsson
Magnús Eggertsson
Sigurjón Helgason
Þröstur Aðalbjarnarson

11. Afgreiðsla mála

Búfjárræktarnefnd

Einar Örnólfsson flutti tillögur nefndarinnar

1. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 hvetur MAST til að endurskoða alla vinnuferla varðandi sýnatöku og úrvinnslu vegna garnaveiki í ljósi þeirra mistaka sem áttu sér stað á starfssvæði BV árið 2008.

Greinargerð: Mistök áttu sér stað við sýnatöku frá bæ sem leiddi til þess að sýnin voru ónýt en þrátt fyrir það var viðkomandi bæ settur á lista yfir garnaveikibæi vegna getgátna um að hugsanlega væru þau frá viðkomandi bæ. Einnig er með öllu óásættanleg vinnubrögð hjá MAST að hvorki bændurnir sjálfir né héraðsdýralæknir hafi fengið tilkynningu um niðurstöðuna. MAST á að greina bændum frá niðurstöðum greininga á öllum sýnum sem tekin eru í sláturhúsum úr þeirra sláturhóp, einstaklingsmerkt óháð niðurstöðu.

Samþykkt samhljóða

2. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 telur það óásættanlegt að starfmenn MAST bregðist skyldum sínum í að framkvæma garnaveikibólusetningu á þeim svæðum sem hennar er krafist eins fljótt og auðið er eftir að

þeim berst tilkynning um óbólusett fé. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið dýralækna og bænda að reyna að útrýma garnaveiki í héraði. Því er það miður að dýralæknar bregðist ekki við þegar tilkynningar berast um óbólusett fé.

Samþykkt samhljóða

3. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 beinir því til Landssamtaka sauðfjárbænda að láta kanna hvort mikið sé um að ær séu fengnar þegar þeim er slátrað síðla vetrar og hvort sláturhús láti bændur almennt vita af slíku.

Greinargerð: Algengt er að sauðfjárbændur sendi geldar ær og smálömb í sláturhús seinnihluta vetrar eftir að búíð er að telja fóstur. Í einhverjum tilfellum hafa ærnar verið fengnar og viðkomandi bóndi fengið upplýsingar um það. Það er hins vegar mikilvægt að það sé tryggt að þessar upplýsingar skili sér skilyrðislaust til bænda, ef fé kemur fengið til slátrunar.

Samþykkt samhljóða

4. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 beinir því til stjórnar BV að beita sér fyrir því að í ný lög um dýravernd og búfjárhald komi úrræði sem beita má við brotum á þeim.

Samþykkt samhljóða

5. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 hvetur Matvælastofnun til að sýna því skilning að gripir geti tapað merkjum úr eyrum sér.

Samþykkt samhljóða

Einar skýrði frá einu máli sem rætt var í nefndinni. Affallatölur á lömbum á fjalli. Rætt í nefndinni um lambshræ sem finnast í Dölum og Borgarfirði. Nú þegar er undirbúningsstarf í gangi hjá BV þar sem verið er að taka saman tölur og eins er í undirbúningi verkefni í gangi hjá Snæfellingum.

Allsherjarnefnd

Pétur Diðriksson flutti tillögur nefndarinnar.

1. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 felur stjórn BV að skipa þriggja manna nefnd sem hefur það hlutverk að skoða samþykktir BV og framtíð leiðbeiningaþjónustunnar með tilliti til breytts fjárhagssumhverfis. Nefndin skili af sér fyrir formannafund búnaðarsambandanna 2011.

Greinargerð: Síðan Búnaðarsamtök Vesturlands voru stofnuð hafa samgöngur batnað, samskiptatækni fleygt fram, búskaparhættir breyst, og fækkað hefur í hópi starfandi bænda og búnaðarfélög verið sameinuð. Starfsumhverfi leiðbeiningaþjónustunnar hefur tekið umtalsverðum breytingum síðastliðin ár. Í nýjum búnaðarlagasamningi er töluverður samdráttur í starfsfé til búnaðarsambanda sem mun óneitanlega hafa áhrif á rekstur leiðbeiningaþjónustunnar í heild sinni. Nauðsynlegt er að samhliða þessum breytingum sé starf leiðbeiningaþjónustunnar endurskoðað ásamt samþykktum BV.

Samþykkt samhljóða

Fjárhagsnefnd

Svavar Þórðarson flutti tillögur fjárhagsnefndar:

1. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 samþykkir að laun stjórnar og nefndarmanna verði eftirfarandi:

Formaður kr. 120.000 á ári og kr. 10.000 á fund.

Aðrir stjórnarmenn kr. 50.000 á ári og kr. 10.000 á fund.

Varamaður stjórnarmanns fái kr. 10.000 á fund.

Skoðunarmenn reikninga kr. 12.000.

Auk framangreindra launagreiðslna verði greiddur akstur samkvæmt aksturstaxta ríkisins.

Fulltrúar á aðalfundi fái greiddan akstur.

Greiðsla fyrir setu á aðalfundi er ½ dagpeningur en 1. mars 2011 er ½ dagpeningur á dagpeningataxta ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands kr. 8.750.

Fulltrúar sem sitja í búgreinaráðum fái greiddan akstur samkvæmt aksturstaxta ríkisins.

Greiðsla fyrir setu á búgreinaráðsfundum er ½ dagpeningur en 1. mars 2011 er ½ dagpeningur á dagpeningataxta ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands kr. 8.750

Samþykkt samhljóða

2. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

Rekstrartekjur	Áætlun 2011	Raun 2010
Seld þjónusta	- 71.721.500	- 72.870.819
Starfsfé	- 54.110.774	- 57.280.001
Aðrar tekjur		- 45.682
	- 125.832.274	- 130.196.502
Rekstrargjöld		
Rekstrarvörur	13.913.324	13.704.618
Laun og launatengd gjöld	74.468.000	83.582.104
Bifreiða- og ferðakostnaður	17.375.134	17.865.321
Annar rekstrarkostnaður	12.080.000	16.304.004
Afskriftir	6.613.691	6.613.691
	124.450.149	138.069.738
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1.382.125	- 7.873.236
Afkoma dótturfélags	50.000	42.670
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtagjöld og verðbætur	- 1.000.000	1.667.401
Hagnaður (tap) ársins	432.125	- 6.163.165

Samþykkt samhljóða

3. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 ákvarðar að árgjald til BV vegna yfirstandandi árs verði kr. 3000 á gjaldskyldan félagsmann.

Samþykkt samhljóða

Félagsmálanefnd

Birna Hauksdóttir kynnti tillögur félagsmálanefndar:

1. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 hvetur búnaðarfélögin á starfssvæði BV að skoða vandlega kosti og galla þess að sameinast í stærri og öflugri félagslegar einingar en nú þegar eru til staðar, aðalfundurinn hvetur stjórn BV til að fylgja málinu eftir.

Greinargerð: Á starfssvæði BV eru 18 búnaðarfélög sem eru misvirk. Telur stjórn BV nauðsynlegt að tryggja öllum þeim sem vilja vera félagslega virkir og starfa í öflugum búnaðarfélögu að hafa aðgang að virku félagi á sínu svæði. Búnaðarfélög eru mikilvægt bakland BV og nauðsynlegt er að virkja grasrótina og láta rödd bænda heyrast.

Samþykkt samhljóða

2. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 hvetur stjórn BV að halda opna bænda fundi fyrir búnaðarþing með kjörnum búnaðarþingsfulltrúum til að móta tillögur fyrir búnaðarþing.

Samþykkt með þorra atkvæða

3. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshrepp 30. mars 2011 hvetur Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið til að hraða vinnu við endurskoðun reglugerðar um dýralæknaþjónustu í dreifðum byggðum, þar sem dýravelferð, dýralæknaþjónusta og bráðaþjónusta verði tryggð.

Greinargerð: Miklar breytingar verða við að héraðsdýralæknum í landinu verður fækkað en eftirlitsdýralæknum fjölgað. Þetta mun hafa verulegar breytingar í för með sér á því hvar dýralækna verða staðsettir og hætta er á að erfitt verði að manna sum svæði á landinu.

Tryggja verður:

- að ávallt sé dýralæknir á vakt í öllum héruðum landsins.
- að fjarlægðir til næsta dýralæknis séu ekki meiri en svo að ekki varði við dýravelferð að bíða eftir að dýralæknir komi í útkall.
- að komið sé til móts við þá sem búa fjærst þjónustu dýralækna með því að nýta heimildir um ávísun og afhendingu dýralækna til varðveislu hjá bændum.
- að komið sé til móts við þá bændur sem búa fjærst þjónustu dýralækna er varðar ferðakostnað dýralækna að meintum sjúklingi.

Samþykkt samhljóða

Jarðræktar- og umhverfisnefnd

Hannes Magnússon flutti tillögur jarðræktar- og umhverfisnefndar

1. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 beinir því til stjórnvalda að virðisaukaskattur verði endurgreiddur af jarðhitaleit og virkjunum til húshitunar.

Samþykkt samhljóða

2. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 lýsir stuðningi við frumvarp Einars K. Guðfinnssonar um niðurfellingu virðisaukaskatts af refa- og minkaveiðum

Samþykkt samhljóða

3. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 skorar á Landssamtök sauðfjárbænda og BÍ að fá leiðréttingu á afurðaverði sauðfjárafurða, en bil á milli þess og rekstrarkostnaðar hefur aukist og komið langt yfir þölmörk bænda.

Samþykkt samhljóða

4. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 skorar á stjórnvöld að auka greiðslur til refa- og minkaveiða.

Samþykkt samhljóða

5. Aðalfundur BV haldinn að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi 30. mars 2011 hvetur bændur og landeigendur til að taka myndarlega þátt í umhverfisátaki sveitarfélaganna, þar sem það er í boði.

Samþykkt samhljóða

Til máls um tillögur tóku: Þorkell Fjeldsted, Kristján Magnússon, Sigríður Jóhannesdóttir, Guðný H. Jakobsdóttir, Guðbrandur Þorkelsson og Sveinn Hallgrímsson.

12. Kosning stjórnar og varastjórnar

- a) **Kosning formanns án svæðabindingar.**
Greidd voru atkvæði og féllu þau þannig: Guðný Jakobsdóttir fékk 47 atkvæði. Aðrir hlutu 1 atkvæði og einn seðill auður.
- b) **Svæðabundin kosning í stjórn BV. Fulltrúar úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kjósa 2 stjórnarmenn, fulltrúar úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 1 stjórnarmann og fulltrúar úr Dalasýslu kjósa 1 stjórnarmann.**
Úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Daníel Ottesen Ytra-Hólmi, Þórhildur Þorsteinsdóttir Brekku.
Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: Kristján Magnússon Snorrastöðum.
Úr Dalasýslu: Valberg Sigfússon Stóra-Vatnshorni

- c) **Kosning varamanns sem tekur sæti í stjórn í forföllum formanns, án svæðabindingar.**
Kosin var Halla Steinólfsdóttir Fagradal.
- d) **Kosning varamanna annarra stjórnarmanna, svæðabundin.**
Úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Einar Örnólfsson Sigmundarstöðum og Guðbrandur Guðbrandsson Staðarhrauni.
Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu: Gunnar Guðbjartsson Hjarðarfelli.
Úr Dalasýslu: María Líndal Neðri-Hundadal.

13. Kosning skoðunarmanna og endurskoðanda

- a) **Kosning tveggja skoðunarmanna og varamanna þeirra:**
Skoðunarmenn reikninga: Brynjólfur Guðmundsson Hlöðutúni og Hallur Pálsson Naustum.
- b) Til vara: Sigurður Jakobsson, Varmalæk og Böðvar Bjarki Magnússon Hrútsstöðum.
- c) **Kosning löggilts endurskoðanda:** Arnór Eggertsson hjá Deloitte.

14. Önnur mál. Enginn tók máls undir þessum lið.

- 15. **Fundarslit.** Guðný Jakobsdóttir formaður BV tók til máls. Þakkaði hún fráfarandi stjórnarmanni, Presti Aðalbjarnarsyni, fyrir samstarfið og bauð Kristján Magnússon velkominn. Þakkaði hún starfsmönnum fundarins þeirra störf og matráðum Hrefnu og Catarinu fyrir fyrir matinn, óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar og sleit fundi.

Fundi slitið. Kl. 16.57

Fundarritarar:
Helga Halldórsdóttir
Anton Torfi Bergsson
Lárus G. Birgisson